

Nd.

592. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læk­nar, er lokið hafa prófi við lækna­deild Háskóla Íslands, framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem lækna­deild setur og ráðherra staðfestir, og hafa gegnt læk­nishéraði eða aðstoðar­læknisstörfum hjá héraðslækni 6 mánuði að loknu námi, enda séu slík störf fyrir hendi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá héraðslæknisskyldu umsækjendum, sem teljast ekki færir um að inna hana af hendi af heilsufarsá­stæðum, enda leggi þeir fram læk­nisvottorð, er landlæknir metur gilt.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðis­stjórnar, að fengnum til­lögum lækna­deildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli lækna­deildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tíma­bundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir full­nægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læk­nisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi land­læk­nis, enda sé um að ræða tiltekið læk­nisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.

Lækna­deildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læk­nisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læk­nisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að al­varlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.